

Primex ehf.
Óskarsgötu 7
580 Siglufjörður

Reykjavík, 6.1.2025
UST202401-238/F.T.
08.09.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 21.6.2024, þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram kom í eftirliti þann 23.5.2024. Tvö frávik voru skráð í eftirlitinu en öðru þeirra var lokað í bréfinu.

Frávikið er eftirfarandi:

- Gr. 2.1 í starfsleyfi. Ekki skulu vera opin niðurföll í efnageymslu. Í efnageymslu í húsnæði við hlið verksmiðjunnar eru efni (klór, saltsýra, peroxyð, ediksýra) geymd þar sem opin niðurföll eru til staðar og er rekstraraðila bent á að gera úrbætur á því sem allra fyrst.

Rekstraraðili hefur sett upp lekabyttu undir bamba.

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikinu lokið. Úrbætur verða teknar út og aðstæður skoðaðar í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur